

## 012/01 - Örfieisey RE 4

Örfirisey RE 4, skipverji slasast við að fá klórblöndu í auga.

### Örfieisey RE 4

**Skipaskr.nr.:** 2170

**Smíðaður:** Noregi 1988 Stál

**Stærð:** 940,00 brl; 1.831,00 bt

**Lengd:** 65,47 m **Breidd:** 12,80 m **Dýpt:** 8,00 m

**Vél:** Wichmann 3.000,00 kW **Árgerð:** 1988

**Annað:**

**Földi skipverja:** 27



### Atvikalýsing

Hinn 7. febrúar 2001 er bv. Örfirisey RE 4 á siglingu 45 sml. vestur af Reykjanesi. Veður. NNA-15 m/sek., sjólítið.

Skipverjar voru að vinna við hreinsun á færibandálínu á vinnslubílfari. Einn skipverjanna hugðist hella klórblöndu úr brúsa upp í kar sem verið var að þrífa. Kantur karsins var í u.p.b. brjóstahæð og þurfti skipverjinn því að lyfta brúsanum, upp í þá hæð. Hugðist hann sveifla brúsanum snöggt upp á karbrúnina en í sveiflunni rakst brúsinn utan í kantinn á því og við höggið sprautaðist klórblanda upp úr opnum brúsanum í andlit og augu skipverjans. Missti hann brúsann á þilfarið.

### Við rannsókn kom fram

- að slasaði notaði ekki augnhlífar sem til voru um borð;
- að brúsinn var allt að 30 kg. að þyngd;
- að aðrir skipverjar komu hinum slasaða til aðstoðar og skoluðu augu hans;
- að hinn slasaði var fluttur með þyrlu á sjúkrahús.

### Nefndarálit

Nefndin telur að óvarlega hafi verið staðið að því að hella úr svona stóru íláti við þær aðstæður sem þarna voru, bæði veðurfarslega og að viðkvæmir líkamshlutar voru óvarðir. Nefndin telur að í meðförum hættulegra efna skuli notkun þeirra fara fram í minni einingum, í viðráðanlegum íflatum og notaður sé viðurkenndur hlífðarbúnaður.

### Tillögur í öryggisátt

Nefndin telur að þörf sé á aukinni fræðslu fyrir sjómenn á umgengni við hættuleg efni.